



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 16.1.2025
Málsnúmer: 202412-0009
MH

Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hafnarberg í landi Hafnar, Hvalfjarðarsveit

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 5. desember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hafnarberg í landi Hafnar. Lóðin Hafnarberg er 10 ha að stærð og samkvæmt deiliskipulagstillögunni er þar ráðgert að byggja íbúðarhús, skemmu og gistihús til útleigu, auk þjónustubygginga og tjaldsvæðis. Lóðin er hluti af Hafnarskógi og á henni eru engar byggingar.

Náttúrufræðistofnun gerði umsagnir um aðalskipulagsbreytingu vegna breytinga á landnotkun á lóðinni, dags. 21. júní og 3. september 2024. Þar kom fram að skipulagssvæðið er innan Hafnarskógs, sem er á náttúruminjaskrá (nr. 237), auk þess sem náttúrulegir birkiskógar njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Að auki er svæðið hverfisverndað (HV7). Þessi atriði eiga einnig við um deiliskipulagstillöguna.

Til viðbótar þessu má benda á að Hafnarskógur var meðal tillagna Skógræktarinnar (þá Skógrækt ríkisins) vegna náttúruverndaráætlunar 2004–2008¹ þar sem stofnunin lagði ríka áherslu á mikilvægi þess að vernda birkiskóga á landinu. Í umfjöllun stofnunarinnar kom fram að eyðing birkiskóga hefði áhrif á líffræðilega fjölbreytni, auk þess sem birkiskógar og kjarr væru vistgerðir sem hafa verið mikilvægar og hugfólgnaðar íslensku þjóðinni í aldanna rás. Skógræktin taldi þörf á að auka útbreiðslu birkiskóga og að endurheimta þá hvar sem því væri við komið. Mat stofnunarinnar var að brýnt væri að takmarka frístundabyggð í náttúrulegum birkiskógum.

Náttúrufræðistofnun telur að uppbygging að Hafnarbergi muni raska vel grónu landi og skerða birkiskóg með hátt verndargildi. Stofnunin tekur undir sjónarmið Skógræktarinnar og telur að frekar ætti að auka útbreiðslu birkiskóga fremur en skerða þá. Því leggur stofnunin áherslu á að komi til framkvæmda verði raski á birkiskógi haldið í lágmarki, einkum þar sem gömul tré eru til staðar. Þá er mikilvægt að nýta þann gróður sem fellur til við framkvæmdir á svæðinu til frágangs.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagastillöguna.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

¹ Umhverfisstofnun 2003. Náttúruverndaráætlun 2004–2008: aðferðafræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Reykjavík: Umhverfisstofnun. https://vefsafn.is/is/20051103023551/http://www.ust.is/media/fraedsluefni/NV-aaetlun_10okt2003.pdf [skoðað 16.1.2024]